



Fornleifaskráning í Berufirði vegna fyrirhugaðs ljósleiðara



Bjarni F. Einarsson
2019

Forsíðumyndin sýnir rúst í landi Kross. (Fornleifar nr. 2:1. Horft mót A. Ljósm. BFE 2018).

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Djúpavogshrepp
Apríl 2019

Inngangur

Að beiðni Djúpavogshrepps kannaði Fornleifafræðistofan fornleifar á fyrirhugaðri leið ljósleiðara um norðanverðan Berufjörð frá Núpum í austri að Þiljuvöllum í vestri, en þar fer línan í sjó. Einnig var leið frá Þiljuvöllum að Fagrahvammi skoðuð, en sú hugmynd er aflögð.

Aðrar leiðir sem skoðaðar voru eru; leið frá landtöku við Teigarhorn að spennistöð (um 2 km), auk heimtauga að Framnesi, Teigarhorni og Kápugili, leið frá Aski í ídráttabrunn (um 800 m), leið hjá Hlauphólum í sjó fram (um 400 m).

Línulengdin er um 10 km á kaflanum í Berufirði. Er lagnaleiðin og staðsetning fornleifa sýnd á loftmyndum 1, 2 og 3. Farið var í gegnum ýmsar heimildir svo sem örnefnaskrár, túnakort og Sýslu- og sóknarlýsingar.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram í áföngum dagana 22. - 29. júní og 13. - 14. júlí 2018 og 2. og 4. apríl 2019. Veður var gott á meðan á vettvangsvinnu stóð. Kannað var svæði sín hvoru megin við hinar fyrirhuguðu ljósleiðaralínu, eða allt að 20 m hvoru megin.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1 auk meðfylgjandi fornleifaskrár og loftmynda með staðsetningu fornleifa.

Margar gagnlegar upplýsingar fengust hjá ýmsum ábúendum þar sem til þeirra náðist. Eru þeim öllum þakkað fyrir.

Fulltrúar verkkaupa voru Bergrós Arna Sævarsdóttir og Ari Magnús Benediktsson hjá Mannviti hf.



Mynd 1. Yfirlit yfir leiðina sem skoðuð var í norðanverðum Berufirði, en fornleifar fundust aðeins þeim megin. Nákvæmari Staðsetningar fornleifa eru sýndar á mynd 4 - 7. (Loftmynd: Loftmyndir. Viðbætur Mannvit/Fornleifafræðistofan).

Skráningin

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má engin, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.).

Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr.). Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa. Engar friðlýstar fornleifar eru í nágrenni hins fyrirhugaða ljósleiðara, en í nágrenni hans varð vart við nokkrar fornleifar sem ekki voru skráðar vegna þess að þær voru utan við könnunarsvæðin.

Samtals voru sex fornleifar undir sex númerum skráðar í tengslum við vettvangskönnunina. Enginn staðanna töldust hafa hátt minja- og varðveislugildi

Þrír staðir töldust hafa talsvert minja- og varðveislugildi og þrír höfðu lítið minja- og varðveislugildi.



Mynd 2. Fyrirhuguð lega ljósleiðarans í nágrenni Teigarhorns ásamt heimtaugum. Engar fornleifar fundust á þessum legg. (Loftmynd: Loftmyndir. Viðbætur Mannvit).

Á bæjarstæðum þeim sem ljósleiðarinn mun liggja að var yfirleitt ekkert að sjá á yfirborði vegna sléttunar og byggingaframkvæmda á seinni tímum. Í sumum tilfellum var ekki hægt að skera úr um hvar fornleifar gætu verið sem túnakort gáfu til kynna að væru við eða nálægt línuleiðinni. Þetta á einkum við Kross þar sem túnakort sýndi mannvirki í nágrenni vegarins, en ekki reyndist unnt að skera úr um staðsetninguna. Líkurnar á því að eitthvað verði þó á vegi framkvæmdanna eru nokkrar og því er mælt með því að framkvæmdaefirlit verði viðhaft á meðan línan verður sett í jörðu á þessum bæjum. Minjastofnun Íslands mun ákvarða nánar um þetta atriði.

Það er t. d. ólíklegt að lögnin raski einhverju á Núpum, Krossgerði, Karlsgerði, Piljuvöllum, og Hamraborg. Engin lögn er heim að Fagrahvammi og Fossgerði. Á Krossi var bænhús til forna, en engin ummerki fundust um hana. Mun bænhúsið hafa staðið framan við gamla bæjarhólinn og því er mögulegt að minjar um það sé í túninu framan við gamla steinhúsið sem enn stendur eða að gamla steinhúsið standi ofan á kirkjunni. Þar þyrfti að viðhafa framkvæmdaefirlit þegar lögnin er lögð í túnið. Mælt er með því að lögnin fari eins nálægt þjóðveginum og kostur er.

Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um


framkvæmdir sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), nákvæmri GPS staðsetningu og ljósmyndun að nákvæmri fornleifarannsókn. Rannsóknir á einfaldari fornleifum eins og görðum og vegum er gjarnan þverskurður í gegnum þær, hann teiknaður í sniði, ljósmyndaður og gjóskulaga leitað til að aldursgreina eftir atvikum. Rannsóknir á yngri skepnuhúsum geta einskorðast við þverskurði í leit að eldri minjum undir, eða að ákveðinn hluti húsanna séu fullransakaðir, ef allt húsið er ekki fullransakað. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.

Helstu fornleifar


Eins og áður kom fram eru engar fornleifanna sem skráðar voru í hæsta minja- og varðveisluflokki. Sé hins vegar bænhusið fyrir framan gamla steinhúsið á Krossi staðfest mun það falla í hæsta minja- og varðveisluflokk. Eins er rústin á Berunesi (þingbúð) góður kandidat í að falla í hæsta flokk, en til að svo verði þarf að staðfesta tilvist hennar og aldur. Aðrar rústir eru líklega frá 19. öld eða byrjun þeirrar 20. og flestar þeirra, nema nr. 6:1, fallagar minjar um fyrri búskaparhætti og húsagerð.

Niðurstaða

Engar fornleifar voru taldar í hæsta minja- og varðveisluflokki. Þrjár voru í næst hæsta minja- og varðveisluflokki. Einar fornleifar teljast vera í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda, þrjár í talsverðri og tvær í lítilli, að óbreyttu. Líklega er hægt að sneiða hjá fornleifum og breyta lítillega um lagnaleið í flestum tilfellum, en þar sem það er ekki hægt þarf mótvægisáðgerða við. Bent er á að allar minjar sem eldri



Mynd 3. Lega ljósleiðarans frá Aski í sjó fram við Hlauphóla. Búið er að leggja stofn á milli gula hringins og efri enda rauðu línunar. (Loftmynd: Loftmyndir. Viðbætur Mannvit).



Mynd 4. Staðsetning fornleifa nr. 3 í landi Núpa. (Loftmynd: Loftmyndir efh. Viðbót: Mannvit).

eru en 100 ára eru friðaðar og þeim fylgir 15 m friðhelgunarsvæði út frá ystu mörkum þeirra. Sjá nánar meðfylgjandi fornleifaskrá.


Gröftur heima við bæi þarfnast líklega framkvæmdaefirlits í einhverjum tilfellum á meðan vinna stendur yfir. Mælt er með því að svo verði gert við Kross. Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.



Mynd 5. Staðsetning fornleifa nr. 4 og 5 í landi Kross. (Loftmynd: Loftmyndir efh. Viðbót: Mannvit).



Mynd 6. Staðsetning fornleifa nr. 6, Þinghóls í landi Beruness. (Loftmynd: Loftmyndir efh. Viðbót: Mannvit).



Mynd 7. Staðsetning fornleifa nr. 7 og 13 í landi Þiljuvalla. Loftmynd: Loftmyndir efh. Viðbót: Mannvit/Fornleifafræðistofan).

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislugildi	Friðlýst?	Mót.
3:1	Rúst	1	Ljósleiðari	Lítil	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Flöggun
4:1	Rúst	1	Ljósleiðari	Lítil	Ágætt	1550-1900	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Nei	Flöggun
5:1	Garður	1	Ljósleiðari	Mikiil	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Þversnið
6:1	Rúst	1	Ljósleiðari	Talsverð	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Nei	Flöggun
7:1	Gerði	1	Ljósleiðari	Talsverð	Ágætt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Flöggun
13:1	Rúst	1	Ljósleiðari	Talsverð	Lélegt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Flöggun
		6					Meðaltal 4,83	Meðaltal 4,83		

Tafla 1 yfir skráðar fornleifar á lagnaleiðinni frá Berufirði yfir í Hamarsfjörð. Hér er gengið út frá því að hinar fyrirhuguðu framkvæmdir valdi tímabundinni hættu og mat lagt á hana. Að öðru leyti er vísað í meðfylgjandi fornleifaskrá vegna þeirrar hættu sem kann að stafa af annarri viðverandi hættu.

Heimildir

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands.

Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

Lög um menningarminjar. Nr. 80 29. júní 2012.

Sýslu- og sóknarlýsingar Hins ísl. bókmenntafélags 1839 – 1874. Múlasýslur. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sú um útgáfuna. Sögufélag. Reykjavík 2000.

Túnakort. Berunes. Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort. Karlsstaðir. Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort. Kross. Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort. Krossgerði. Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort. Núpar. Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort. Teigarhorn. Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort. Þiljuvellir. Þjóðskjalasafn Íslands.

Örnefnaskrá. Berunes. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.

Örnefnaskrá. Karlsstaðir. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.

Örnefnaskrá. Kross. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.

Örnefnaskrá. Krossgerð. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.

Örnefnaskrá. Núpar. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.

Örnefnaskrá. Núpar. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.

Örnefnaskrá. Teigarhorn. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.

Örnefnaskrá. Þiljuvellir. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.

Fylgirit

Fornleifaskrá: Djúpavogshreppur Nr. 3:1 - 7:1 og 13:1

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Suður - Múlasýsla	Djúpavogshreppur			3
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Núpar				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	22.06.2018	E 731152 N 475674	Ísn 93	-	-

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst	Fjárhús	Ber 18	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900		Ljósleiðari	Lítill	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert	6	Talsvert	6		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Í grasi gróinni brekku, um 25 m norður af þjóðvsegi.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.

5 x 8 m (N - S). Veggir úr torfi og grjóti, 1 m breiðir og 0,1 - 0,3 m háir.

Dyr snúa mót S.

Garlög sjást víða að innanverðu.

Rústin er grafin inn í brekkuna að norðanverðu.

Líklega eru allavega tvö hólfi í rústinni. Þriðja hólfið gæti einnig verið nyrst í henni, hlaða?

Vel gróin grasi

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS 550D

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Suður - Múlasýsla	Djúpavogshreppur			4
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Kross				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	22.06.2018	E 730525 N 475429	Ísn 93		-

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst	Hrútakofi	Ber 18	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Landeyðing	Talsverð	Ágætt	1550-1900		Ljósleiðari	Lítill	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert	5	Talsvert	5		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Á árbakka, um 80 m norður af þjóðvsegi, við norðurenda nýræktar.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.

5 x 6 m (NNA - SSV). Veggir úr torfi og grjóti, 1 - 1,5 m breiðir og 0,4 - 1 m háir. Dyr snúa mót NV. Garðlög víða greinanleg að innan sem utan. Rústin er vel gróin grasi. Út frá NA horni rústarinnar er garður sem stefnir í austur, en hann var ekki skráður.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

iPhone 6+

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Suður - Múlasýsla	Djúpavogshreppur			5
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Kross				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	22.06.2018	E 730527 N 475388	Ísn 93	-	-

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Garður		Ber 18	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Landeyðing	Talsverð	Ágætt	1550-1900		Ljósleiðari	Mikil	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Fríðlýsa?	Fríðlýst?	Hvenær
Lítið	3	Lítið	3		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Á árbakka, um 40 m norður af þjóðvsegi, við vesturenda nýræktar.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Garður.

Úr grjóti, m 22 m langur (N - S), 1 m breiður og 0,2 - 0,5 m hár. Garðurinnliggur niður með á. Norðurendi er laskaður (af ánni?). Hugsanlega hefur hann legið alveg að rúst nr. 4. Ógróinn. GPS mælt við suðurenda.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

iPhone 6+

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Suður - Múlasýsla	Djúpavogshreppur			6
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Berunes		Þinghóll		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	22.06.2018	E 726127 N 474887	Ísn 93		-

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst	Þingstaður	Ber 18	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ábúð	Lítill	Sæmilegt	1550-1900		Ljósleiðari	Talsverð	Já
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert	7	Talsvert	7		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Í grasi grónu túni norðan við heimreið að Berunesi og nálægt austurgafli húss.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.

Grasi gróinn hóll um 20 m í þvermál og 0,5 - 1 m hár. Engin eiginleg form sjást á hólnum, en þó má greina bolla á honum miðjum og óljós merki þess að hann geymir rúst eða rústir.

Að sögn landeiganda (Ólafs Eggertssonar) sást fyrir hringlaga rúst sem var um 6 - 7 m í þvermál.

Líklega eru rústirnar þó umtalsvert stærri.

Gamli bærinn (nú rifinn) stóð um 15 m vestar.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS 550D

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Suður - Múlasýsla	Djúpavogshreppur			7
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Piljuvellir				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	29.06.2018	E 724800 N 475270	Ísn 93	-	-

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Gerði					Nátthagi		Ber 18	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?	
Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900		Ljósleiðari	Talsverð	Nei	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2				Friðlýsa?	Friðlýst?
Lítið	4	Lítið	4				Nei	Nei

Lega og staðhættir

Sunnan við bæinn og austan í klettabelti vestan við á. Á grösugum stalli.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Gerði.

8 x 27 m (N - S). Veggir úr grjóti, 0,4 - 1 m breiðir og 0,4 - 2 m háir. Austurveggurinn er sjálfur hamarsveggurinn. Hugsanlega er kró í suðurenda, en þar mótast fyrir veggjum.

Dyr eða hlið er á gerðinu að norðanverðu, alveg upp við hamarinn. Eru þær um 1 m breiðar.

Botn gerðisins er er vel gróið grasi.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS 550D

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Suður - Múlasýsla	Djúpavogshreppur			13
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Þiljuvellir				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	4.04.2019	E 724916,0 N 475288,0	Ísn 93		-

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst		Ber 18	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900		Ljósleiðari	Talsverð	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Fríðlýsa?	Fríðlýst?	Hvenær
Lítið	4	Lítið	4		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Um 120 m sunnan við við bæinn á Þiljuvöllum, fáeina m austur af heimreiðinni. Í túni.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.

Mjög óljós ummerki um rúst í túninu, um 15-20 m í þvermál. Svæðið er sléttað í seinni tíð.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.